

Nd. 448. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1937.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1937.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1937.
6. Framkvæmd C-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1937.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1937 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki

leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1937.

8. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1937 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um lækni- héraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1937 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, samanber lög nr. 40 7. maí 1928 og lög nr. 79 19. júní 1933, en 60000.00 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skipting verkfæra kaupastyrks, að fengnum tillögum búnaðarfélags Íslands.
12. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til húfjarræktar, samanber lög nr. 32 8. sept. 1931, en 56000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
13. Á árinu 1937 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
14. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bóka- safna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
15. Á árinu 1937 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
16. Árið 1937 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burt- fararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámsskeiðum og vélgæzlunámsskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1937.